



Spáum 3,1% verðbólgu í ágúst

Hagstofan birtir ágústmælingu vísitölu neysluverðs (VNV) fimmtudaginn 29. ágúst. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,2% hækkun vísitölnnar milli mánaða. Gangi spáin eftir helst verðbólgan óbreytt í 3,1% milli mánaða

VNV lækkaði um 0,21% milli mánaða í júlí, en opinberar spár lágu á bilinu -0,4% til óbreytts. Við höfðum spáð -0,1%.

Helstu undirlíðir:

- **Flugfargjöld til útlanda** lækka venjulega milli mánaða í ágúst vegna árstíðarsveiflu. Við búumst við að þessi liður lækki um 5% milli mánaða núna í ágúst. Gangi það eftir var u.þ.b. 10% ódýrara að fljúga í ágústmánuði í ár en á sama tímabili 2018. Til samanburðar var 12% ódýrara að fljúga til útlanda í júlí 2019 en í júlí 2018.
- **Verð á nýjum bílum** (kaup ökutækja) lækkar væntanlega vegna styrkingar á gengi krónunnar og minni eftirspurnar.
- Samkvæmt verðkönnun okkar lækkaði verð á **Bensín og díselolíu** milli mánaða.
- Áhrif sumarútsala á **fatnaði og skóm** og **húsgögnum og heimilisbúnaði** á vísitöluna í júlí var svipað og seinustu ár. Við búumst við því að áhrif útsöluloka núna í ágúst verði einnig svipuð og seinustu ár.

Spá okkar um breytingu vísitölnnar milli mánaða er 0,1 prósentustigi lægri en spá okkar frá því fyrir um mánuði síðan. Skýrist það meðal annars af styrkingu krónunnar síðan þá.


Búumst nú við 2,8% verðbólgu í nóvember

Bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða er eftirfarandi:

- Sept.: +0,3% milli mánaða, 3,1% ársverðbólga
- Okt.: +0,3% milli mánaða, 2,9% ársverðbólga
- Nóv.: +0,2% milli mánaða, 2,8% ársverðbólga

	Vægi í VNV	Breyting	Spá Áhrif
Flugfargjöld til útlanda	1,7%	-5,0%	-0,09%
Kaup ökutækja	5,7%	-1,2%	-0,07%
Bensín og díselolía	3,5%	-1,3%	-0,05%
Tómst. og menning	10,0%	-0,2%	-0,02%
Heilsa	4,0%	-0,1%	-0,01%
Áfengi og tóbak	2,4%	0,1%	0,00%
Ferðir og flutningar - annað	4,2%	0,1%	0,00%
Hótel og veitingast.	5,8%	0,1%	0,00%
Menntun	0,4%	1,3%	0,01%
Póstur og sími	1,8%	0,7%	0,01%
Reiknuð húsaleiga	16,3%	0,2%	0,03%
Húsn. án reikn. húsaleigu	15,1%	0,2%	0,03%
Húsgögn og heimilisb.	5,2%	1,1%	0,06%
Matur og drykkjarv.	13,4%	0,5%	0,06%
Aðrar vörur og þjónusta	6,7%	1,2%	0,08%
Föt og skór	3,9%	3,4%	0,13%
Alls	100,0%		0,19%

Niðurbrot á spá Hagfræðideildar



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans



Helstu óvissuþættir

Helstu óvissuþættir varðandi spá okkar um breytingu milli mánaða í ágúst og bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða eru:

1. Flugfargjöld til útlanda

Greiningardeildum bankanna, þar með talið okkur, hefur gengið mun verr að spá fyrir um mælingu Hagstofunnar á flugfargjöldum til útlanda en nokkurn annan undirlíð vísitölunnar seinustu ár. Munurinn í júlí var síðan mun meiri en áður hefur verið. Líklegt er að hér spili inn að Hagstofan hefur þurft að breyta aðferðafræði sinni við mælingu á flugfargjöldum til útlanda í kjölfar falls WOW air í lok mars. Þar til meiri reynsla er komin á mælingar Hagstofunnar má búast við að áfram geti munað verulega á spá okkar og mælingu Hagstofunnar.

2. Þróun launa

Kjarasamningar sem skrifað var undir fyrir í ár voru hóflegri en margir óttuðust og ættu heilt yfir að vera samrýmanlegir verðbólgu markmiðinu. Það á hins vegar eftir að koma í ljós hversu mikið launaskrið verður til viðbótar við samningsbundnar hækkanir. Verði launaskriðið verulegt myndi það þýða hærri verðbólgu en við sjáum nú í kortunum.

3. Staða fyrirtækja

Í kjölfar aukins stöðugleika á vinnumarkaði hefur Seðlabankinn lækkað vexti. Það ætti að vera hvati fyrir fyrirtæki að stilla verðhækkunum í hóf til að viðhalda stöðugleikanum. Spurningin er bara hversu vel í stakk búin þau eru til þess.


4. Gengi krónunnar

Krónan stóð nokkurn veginn í stað á móti evru frá miðjum júní fram í miðjan júlímánuð og viðskipti voru afar lítil. Um miðjan júlí tók krónan að styrkjast og fór evru/krónu krossinn lægst í 134,5 í lok mánaðarins eftir að hafa farið hæst í 142 um miðjan júlí. Síðan þá hefur styrkingin að hluta til gengið til baka og er gengið núna í um 138. Ef krónan veikist verulega frá núverandi gildum hefur það væntanlega í för með sér aukna verðbólgu.

5. Undirliggjandi verðbólguþrýstingur


Það er ýmislegt sem bendir til þess að verðbólgan sé orðin almennari síðustu misseri og að undirliggjandi verðbólguþrýstingur sé að aukast. Þannig hafa um

Mánaðarbreyting VNV í ágúst



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Verðbólguþrýstingur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



80% undirliða VNV hækkað seinustu 12 mánuði, þetta hlutfall fór lægst í 50% fyrir um 2 árum. Þá hefur munur á kjarnavísitölum og heildarvísitölunni dregist saman. Ef þetta er rétt og við erum að vanmeta undirliggjandi verðbólguþrýsting gæti verðbólga í haust orðið meiri en við erum að spá nú.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.